

HV 2025-05

# HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

## Handbók um Stofnmælingu hrygningaporsks með þorskanetum (SMN) 2025

*Valur Bogason, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson*



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

**MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE**

## Handbók um Stofnmælingu hrygningaþorsks með þorskanetum (SMN)

**Höfundar** Valur Bogason, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson  
**Verkefnisstjóri** Valur Bogason  
**Samþykkt af** Jónas P. Jónasson, sviðsstjóri Botnsjávarsviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

**Númer** HV 2025-05  
**Dagsetning** 25. mars 2025 **Dreifing** Opin  
**Fjöldi síðna** 29 **Verknúmer** 9121

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

### Ágrip

Handbók þessi lýsir framkvæmd rannsóknaverkefnisins „Stofnmæling hrygningaþorsks með þorskanetum (SMN). Í handbókinni er lýst fyrirhugaðri framkvæmd verkefnisins í mars/apríl 2025, m.a. umfangi gagnasöfnunar, hvernig safna eigi líffræðilegum upplýsingum, skráningu mælinga, veiðarfæri og veiðiaðferðum. Einnig gefnar staðsetningar og aðrar upplýsingar um fastar stöðvar

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>UNDIRBÚNINGUR LEIÐANGURS</b> .....	<b>2</b>
<b>3</b>	<b>GAGNASÖFNUN</b> .....	<b>2</b>
3.1	TALNING .....	2
3.2	LENGDARMÆLINGAR .....	2
3.3	KVARNASÖFNUN .....	3
3.4	VAFI UM TEGUNDAGREINGU .....	4
3.5	SJÁVARSPENDÝR, SJÓFUGLAR OG KRABBAR .....	4
3.5.1	<i>Leiðbeiningar um mælingar og kyngreiningu á smáhvölum</i> .....	5
3.5.2	<i>Leiðbeiningar um mælingar og kyngreiningu á selum</i> .....	6
3.5.3	<i>Erfðasýnataka úr smáhvelum og selum</i> .....	6
3.5.4	<i>Blóðsýni úr selum</i> .....	7
3.5.5	<i>Söfnun á Hnísum</i> .....	7
3.6	UFSAMERKINAR .....	7
<b>4.</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM STÖÐ</b> .....	<b>7</b>
4.1.	STÖÐVAUPLÝSINGAR .....	7
4.2	UMHVERFISÞÆTTIR .....	9
<b>5</b>	<b>VEIÐITILHÖGUN OG NETALAGNIR</b> .....	<b>10</b>
5.1	FASTAR OG LAUSAR STÖÐVAR (TROSSUR).....	10
5.1.1	<i>Fastar stöðvar</i> .....	10
5.1.2	<i>Lausar stöðvar</i> .....	11
5.1.3	<i>Aukastöðvar</i> .....	11
5.2	SVÆÐASKIPTING OG STÖÐVALISTI EFTIR SVÆÐUM.....	11
<b>6</b>	<b>VEIÐARFÆRI</b> .....	<b>20</b>
6.1	LÝSING Á VEIÐARFÆRI / NETUM.....	20
6.2	RÖÐUN NETA Í TROSSU .....	20
6.3.	FRÁGAGNUR NETA EFTIR LEIÐANGUR .....	20
<b>7.</b>	<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>21</b>
7.1	MYNDIR TIL AÐ TEGUNDAGREINA SJÁVARSPENDÝR, SJÓFUGLA OG KRABBA .....	21
7.2	KYNGREINING HÁFA OG MYNDIR AF HELSTU HÁFUM SEM LÍKLEGT ER AÐ FÁ Í SMN .....	26
7.3	STÖÐLUN HITANEMA.....	27
7.4	HRYGNINGARSTOPP, KORT.....	27
7.5	LISTI YFIR BÁTA SEM TAKA ÞÁTT Í SMN 2025 .....	28
7.6	MÖNNUN BÁTA Í SMN 2025 .....	28
7.7	LISTI YFIR BÁTA SEM TEKIÐ HAFI ÞÁTT Í NETARALLI FRÁ UPPHAFI .....	29

## 1 INNGANGUR

Markmið rannsóknanna er að safna upplýsingum um kynþroska, aldur, lengd og þyngd þorsks á helstu hrygningarsvæðum. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum. Auk þess er safnað upplýsingum um umhverfisþætti eins og t.d. hitastig sjávar, sjónþýpi og veðurlag.

Miðað er við að netarall hefjist í fyrri hluta apríl ár hvert þannig að það fari að mestu fram þegar veiðistopp vegna þorskhrygningar er. Verkefnisstjóra ásamt leiðangursstjórum er gert að komast að samkomulagi við skipstjóra netarallsbáta og /eða útgerðarmenn þeirra um byrjunartíma leiðangra, yfirleitt sem næst 1. apríl.

Frá því netarall hófst árið 1996 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á sýnatöku. Fyrstu árin var eingöngu farið á svæði 1–5, vestur og suður af landinu en frá árinu 2000 hefur einnig verið farið á hrygningarsvæði norður af landinu, svæði 6 og 7. Gerðar hafa verið breytingar á girni í netum, en frá árinu 2001 hafa net af öllum möskvastærðum verið úr bæði eingirni og fjölgirni. Rannsóknin beinist fyrst og fremst að þorski, en mælingar á öðrum tegundum voru auknar árið 2002. Árið 2010 voru svæði 6 og 7 sameinuð í eitt svæði og stöðvum fækkað. Einnig voru þrjár fastar stöðvar felldar niður á svæði 4 og nýjar settar í staðin.

Í stöðvalista eru fastar stöðvar er hafa verið lagðar frá upphafi auðkenndar með númeri 1–30 en fastar stöðvar sem hafa komið inn seinna eru auðkenndar með númeri 31–40. Lausum stöðvum sem fylgja hverri fastri stöð er gefið númer á þann hátt að lagt er 50 við fast númer þeirrar stöðvar er laus stöð fylgir og fá þær því númer 51–90. Aukastöðvum vegna sérverkefna sem falla ekki inn í hefðbundið stöðvanet er gefið númerin 91–99.

## 2 UNDIRBÚNINGUR LEIÐANGURS

Áður en haldið er úr höfn þarf að gæta að því að öll rannsóknataeki og verkfæri séu meðferðis og í lagi, stilla upp vinnuádstöðu og tengja og prufukeyra vogir, tölvur og samskiptataeki.

Leiðangursstjóri gengur úr skugga um, ásamt skipverjum, að netum sé raðað í réttri röð skv. teikningu og að nauðsynleg mælitæki skipsins séu til staðar og í lagi.

## 3 GAGNASÖFNUN


Þrír menn annast alla gagnasöfnun um borð í hverju skipi. Mælingar eru slegnar beint inn á tölvu. Talningar eru skráðar á þar til gerð talningarblöð og síðan slegnar inn í tölvu eftir að drætti neta er lokið.

### 3.1 Talning

**Mikilvægt er að allur fiskur sé talinn eftir tegundum úr hverju neti.** Sá sem telur er við eða nálægt lúguopi þar sem netin koma inn, telur fjölda allra tegunda í neti. Talningamaður sér til þess að fiskur sé tekinn frá til kvömunar og að afli úr hverju neti sé vel aðgreindur þegar hann kemur til mælingamanna.

### 3.2 Lengdarmælingar

**Á hverri stöð skal lengdarmæla ALLAR fisktegundir.** Mælt er að næsta heila cm á mælibretti þar sem fyrsta lengdarbil er hálfur cm. **Langflestar tegundir** eru mældar frá trjónu aftur á sporðenda (heildarlengd) og gildir það einnig fyrir **háfa** og **skötur**. **Geirnyt og aðrar hámys** eru mældar frá trjónu að byrjun sporðugga. Fiskar af **langhalaætt** eru mældir frá trjónu aftur að 1. geisla í raufarugga.



- Í hverju neti eru fyrstu 25 þorskar lengdarmældir og kyn – og kynþroskagreindir.
- Í hverju neti eru fyrstu 10 ýsur, ufsar, löngur og keilur lengdarmældir og kyn – og kynþroskagreindir.
- Í hverju neti eru fyrstu 10 fiskar af öðrum tegundum lengdarmældar.
- Jafnframt lengdarmælingu skal kyngreina eftirfarandi tegundir: Hrognkelsi, skötur, háfa og geirnyt.

Í töflu 2. er listi yfir helstu tegundir. Listinn er ekki tæmandi og hjá þeim tegundum sem ekki eru í töflunni skal einnig mæla 10 fiska og telja allt umfram það.

Tafla 1. Helstu tegundir.

Númer	Fisktegund	Númer	Fisktegund	Númer	Fisktegund
2	Ýsa	16	Háfur	30	Síld
4	Lýsa	19	Gulllax / Stóri gulllax	39	Geirnyt
5	Karfi / Gullkarfi	21	Lúða	48	Hrognkelsi: kyn skráð
6	Langa	22	Grálúða	60	Litli karfi
7	Blálanga	23	Skarkoli	61	Djúpkarfi
8	Keila	24	Þykkvalúra / Sólkoli	76	Litla brosma
9	Steinbítur	25	Langlúra	201	Gaddakrabbi
12	Tindaskata: kyn skráð	26	Stórkjafta / Öfugkjafta	527	Flundra
14	Skötuselur	27	Sandkoli		
15	Skata	28	Skráþflúra		

### 3.3 Kvarnasöfnun

Tafla 2. Umfang kvörnunar eftir tegundum.

Nr.	Stöðvar	Tegund	Fjöldi mælt/net	Kyn- og kynþr. /net	Kvörnun fjöldi/net	Óslægt	Slægt	Lifur	Hrogn / svil
1	Fastar	Þorskur	25	25	1	X	X	X	X
3	Fastar	Ufsi	10	10	1	X	X	X	X
6	Lausar	Langa	10	10	1	X	X	X	X
8	Lausar	Keila	10	10	1	X	X	X	X

Úr hverju neti á föstum stöðvum er einn þorskur og einn ufsi kvarnaðir og á lausum stöðvum er ein langa og ein keila kvarnaðar.

Ávalt á að taka fyrstu fiska sem koma í hverju neti til kvörnunar. Þessa fiska þarf að merkja til að unnt sé að tengja þá við raðnúmer nets innan trossu. Fiskana skal setja í sérstakt kar fyrir fisk til kvörnunar. Allan fisk sem er kvarnaður skal:

- Lengdarmæla
- Kyn- og kynþroskagreina
- Vigta
  1. Óslægða þyngd.
  2. Slægða þyngd.
  3. Þyngd lifrar.
  4. Kynkirtla á 2, 22, 3, 32, 4,5, 51 og 52 stigi.

Nr.	1	NET 1
Tegund	1	
Staður	NAR 1-2014-1	
Dagsetn.		
Lengd	85	sm
Kyn	♀	Kynþr. 22
Aldur		
Þyngd		kg
Ath.		

Þessi gögn eru slegin inn á tölvu en kvarnir eru settar í vel merktu kvarnapoka.

**Á öll frumgögn skal skrá: leiðangurseinkenni, stöð, númer á neti og á kvarnapoka skal auk þess skrá lengd, kyn- og kynþroska.**

Allan fisk skal kyn- og kynþroskagreina skv. eftirfarandi skiptingu í kynþroskastig:

Stig 1.

**Ókynþroska:** Hrognasekkir litlir og hálfglærir. Hrogn verða ekki greind með berum augum. Svil örmjó þráðlaga.

Stig 2. **Kynþroska:** Gotan hörð og jafnleit. Svilin farin að tútna út, hvít á lit.

Stig 22. **Kynþroska í hrygningarástandi (bara hrygnur)** Fullþroska glær hrogn á við og dreif um hrognasekkinn (með augu).

Stig 3. **Hrygnandi:** Fullþroska hrogn sem eru laus og renna aftan úr gotunni. Rennandi svil.

Stig 32. **Lok hrygningar (bara hrygnur):** Hrognasekkurinn er farinn að þykkna sérstaklega aftast og oft orðinn rauðsprengdur. Glær rennandi hrogn geta verið til staðar ásamt leifum af óþroskuðum hrognum.

Stig 4. **Hrygnður:** Hrygningu er lokið og samdráttur hrognasekks og svilja er orðinn verulegur.

Stig 5. **Óviss greining kynþroskastigs.**

Stig 51. **Óvissa** um hvort fiskur er á stigi 1 eða 4

Stig 52. **Fiskur kynþroska** en talinn sleppa hrygningu á komandi/liðandi hrygningartíma.

### 3.4 Vafi um tegundagreiningu

Ef vafi er um tegundagreiningu fiska, sjávarspendýra, sjófugla eða krabba skal taka ljósmynd af tegund. Inni á mynd skal vera miði með stöðvanúmeri og þeirri tegund sem skráð er í Hafvog. Ljósmyndir skulu sendar verkefnisstjóra að leiðangri loknum.

### 3.5 Sjávarspendýr, sjófuglar og krabbar

Skrá skal öll spendýr og sjófugla sem veiðast í net í Hafvog á sama hátt og aðrar tegundir, ýmist í lendarmælingar eða talningar. Skrá skal **lengd, kyn** hjá sjávarspendýrum í **kvörnun**. Þau dýr sem detta úr á rúllu eða ekki reynist unnt að mæla eða kyngreina skulu skráð sem talin. Sjófugla og krabba þarf ekki að mæla heldur skal skrá **fjölda**. Ekki skal skrá sjófugla sem flækjast í netin þegar þau eru dregin og sleppt er lifandi.

Tafla 3. Sjávarspendýr, sjófugla og krabbar. Líklegustu tegundir til að koma í net eru feitletraðar.


Númer	Tegund	Númer	Tegund	Númer	Tegund
42	Trjónukrabbi	1024	Höfrungur	<b>1105</b>	<b>Teista</b>
182	Einbúakrabbi	1025	Rákahöfrungur	1106	Haftyrdill
<b>181</b>	<b>Strandkrabbi / Bogkrabbi</b>	<b>1026</b>	<b>Hnísa</b>	1110	Skarfar
<b>201</b>	<b>Gaddakrabbi</b>	1027	Ógreindur meðalstór	1111	Dílaskarfur
257	Skessukrabbi/Litli tröllakr.	1031	Norðhvalur/Grænli.sléttb.	1112	Toppskarfur
200	Tröllakrabbi	1032	Íslandssléttbakur	<b>1120</b>	<b>Súla</b>
<b>272</b>	<b>Sundkrabbi</b>	1033	Norðsnjaldri	<b>1130</b>	<b>Fýll (Múkki)</b>
304	Litli trjónukrabbi	1034	Svínhvalir	1131	Skrofa
689	Grjótkrabbi / Klettakrabbi	1035	Grámi	1132	Gráskrofa
692	Stóri sundkrabbi	1037	Náhvalur	1140	Endur
691	Nornakrabbi	1038	Mjaldur	<b>1141</b>	<b>Æðarfugl</b>
1001	Langreyður	1039	Skugganefja	1142	Æðarkóngur
1002	Sandreyður/sæhvalur	<b>1051</b>	<b>Landselur</b>	1143	Hávella
1003	Búrhvalur	<b>1053</b>	<b>Útselur</b>	1144	Hrafnsönd
1004	Steppireyður	<b>1055</b>	<b>Hringanóri</b>	1150	Máfar
1005	Hnúfubakur	<b>1057</b>	<b>Vöðuselur</b>	1151	Rita
1006	Andarnefja	<b>1059</b>	<b>Kampselur</b>	1152	Sílamáfur
1007	Háhyrna	<b>1061</b>	<b>Blöðruselur</b>	1153	Silfurmáfur
1008	Ógreind höfrungat.	<b>1063</b>	<b>Rostungur</b>	1154	Svartbakur
1009	Hrefna	1093	Sæskjaldbaka	1155	Hvítmáfur
1010	Marsvín/grind	1100	Svartfuglar	1160	Skúmur
1020	Ógr. stór reyðarhvalur	<b>1101</b>	<b>Langvía</b>	1161	Kjói
<b>1021</b>	<b>Hnýðingur</b>	<b>1102</b>	<b>Stuttnefja</b>	1170	Lómur
<b>1022</b>	<b>Leiftur</b>	<b>1103</b>	<b>Álka</b>	<b>1171</b>	<b>Himbrimi</b>
1023	Stökkull	<b>1104</b>	<b>Lundi</b>		

### 3.5.1 Leiðbeiningar um mælingar og kyngreiningu á smáhvölum

**Mælingar:** Heildarlengd er mæld í beinni línu samsíða lengdarás dýrsins, frá fremst á neðri kjálka að miðrauf í sporðblöðku (sjá mynd 1). Athugið að málbandið á ekki að liggja í boga á yfirborði dýrsins þegar lengdin er mæld (sjá mynd 1).

**Kyngreining:** Best er að greina kyn utan frá með því að athuga fjarlægðina milli endaparmsops og kynfæraops (getnaðarlímur er oftast inndreginn). Þessi fjarlægð er sjaldnast meiri en 5-7 cm hjá kvendýrum, en tugir cm hjá karldýrum.

**Kynþroski (Hnísa, teg 1026):** Skrá skal kynþroska hjá kvendýrum Hnísu. **Stig 5:** Þunguð, ef fóstur er til staðar, **Stig 9:** Óþunguð, fóstur ekki til staðar, **Stig 10:** Fóstur, er notað hjá föstrunum sjálfum til að aðgreina þau frá öðrum dýrum. Hjá karldýrum er þroski ekki skráður heldur er hoppað yfir hann með F7 á lykklaborði.



### 3.5.2 Leiðbeiningar um mælingar og kyngreiningu á selum

**Mælingar:** Dýrið er lagt á bakið og heildarlengd mæld í beinni línu samsíða lengdarás dýrsins, frá nefbroddi að enda dindils. Mælt skv. útskýringum á mynd 2 (rauðu strikin). Notast er við „**curve length**“, sem mælt er frá nefbroddi út á dindillbrodd (dindill tekinn með en ekki hreifalengd) með málbandi sem er látið liggja eftir lögun dýrsins. Ummál sels er mælt undir hreifunum.


**Ummál** er mælt undir hreifunum (“handarkrikunum”). Málband er þrætt undir bak og lesið er af málbandinu á kvið.

**Spikþykktarmæling**, þreifað með puttunum til að finna neðra hluta bringubeins. Skorinn er nokkra sentimetra langur skurður og mælt með reglustriku spikþykkt (niður að vöðva) sem næst bringubeini

**Kyngreining:** Reður brimla er dreginn inn í poka á kviðnum. Auðvelt er að sjá reðuropið á selum. Kynop urtna er samtengt endaparminum.

**Taka skal mynd** af þeim selum sem koma ,t.d. með farsíma. Miði með leiðangri og stöð og raðnúmeri númeri sels sett á eða við hliðina á selnum til aðskilnaðar eða númer selsins sett í myndarheiti.

#### MYND 2



### 3.5.3 Erfðasýnataka úr smáhvelum og selum.

Taka skal erfðasýni úr vöðvum dýranna og stærð hvers sýnis skal vera um 1.5x3 cm (Það er í lagi að smá skinn fylgi með en betra er að sýnið sé eingöngu vöðvi).

Tekið er eitt vöðvasýni úr smáhvelum en **tvö vöðvasýni úr selum.**

Mikilvægt er að taka einnig sýni úr fósturum smáhvela og merkja greinilega sem slík, með því að nota kynþrosastig 10.

#### Sýnatökubúnaður:

- Einnota pincettur
- Einnota skurðhnífar
- 50 ml túpur með ethanóli

Áður en flatningshnífur er notaður til að skera frá skinn og fitu er nauðsynlegt að þrífa hann vel. Nota skal einnota skurðarhníf til að skera innan úr vöðva flís sem ekki hefur komist í snertingu við önnur verkfæri.

Vöðvabitinn er settur í 50 ml túpur, sem innihalda ethanól.

Merkja skal túpur með leiðangri og stöð og raðnúmeri. Dýrin skal skrá í kvörnun.

**Áriðandi: vöðvabútar eiga ekki taka meira en 1/3 af rúmmáli túpunnar.**

**Notið einnota hnífa og pincettur fyrir hvert dýr en ef nota þarf flatningshníf muna þá að þrífa hann vel áður.**



### 3.5.4 Blóðsýni úr selum.

Taka skal blóðsýni úr þeim selum sem fást. Þer tekið með því að skera inn á stærri æð og sett í 50 ml glös (tóm glös). Einnota hnífinn má nota aftur hér eftir að DNA sýni hefur verið tekið. Ef ekki tekst að ná blóðsýni má senda sýni af lifur (c:a 5x5 cm sýni sem er sett í plastpoka). Blóðsýni skal komið sem fyrst í frysti, þar til sýnin eru send. Ef ekki er hægt að frysta þau skulu þau geymd á köldum stað.

### 3.5.5 Söfnun á Hnísum.

Ef hægt er að koma því við þá skal safna heilum hnísum. Mismunandi er eftir bátum og svæðum hvort þetta sé mögulegt. Leiðangurstjórar kanna við upphaf leiðangurs hvort mögulegt sé að frysta hnísur á löndunarstað. Sleppa skal sýnatöku ef ekki er hægt að koma þem í frost við næstu löndun. Sé landað á Höfuðborgarsvæðinu eða í næsta nágrenni þess skal þó hafa samband við Dalla s: 897 8044, Valerie s: 865 5379 eða Guðjón 859 0189 og athuga hvort þeir geti nálgast hnísur við löndun dagsins.

## 3.6 Ufsamerkinar

Ufsamerkingar verða framkvæmdar á rannsóknarsvæðum 3 og 5, einn dagur. Það verður lögð áhersla DST merki (rafeindamerki) og tekið er erfðasýni úr ugga þeirra fiska sem merktir eru með rafeindamerki. Samhliða DST merkingum verða merktir ufsar með slöngumerkjum. Fjöldi trossa ræðst af ufsa afla sem búast má við á hverju svæði, 4 - 8 trossur. Leiðangurstjórar, í samráði við skipstjóra, munu meta hvar og hvenær merkingarnar verða í leiðangrinum.

Til að fara betur með fiskinn sem er í netinu þarf að draga netin varlega um borð. Fjöldi ufsa sem verða merktir í hverri trossu fer eftir því hve mikið veiddist og hve margir þeirra eru lífvænlegir. Sprækir fiskar úr öllum stærðarflokkum verða teknir úr netinu og settir í sjó í kari um borð. Lífvænlegir ufsar verða teknir úr körunum, lengdarmældir, tvímerktir og strax að því loknu sleppt aftur út í hafið. Ólífvænlegir ufsar fara í hefðbundna vinnslu.

Skipverjar sjá um að greiða fisk úr netum, velja fisk til merkinga og koma í kar. Einn skipverja þarf til að taka fisk úr kari og setja á merkingaborð, tveir rannsóknamenn sjá um merkinguna og einn slær inn/skrifar upplýsingar.

## 4. UPPLÝSINGAR UM STÖÐ

### 4.1. Stöðvaupplýsingar

*Leiðangurstjórar skulu taka afrit af lögnunum úr tölvu skipsins. í lok leiðangurs.*

Efri hluti brúarblaðs, þ.e. upplýsingar um tog og umhverfisþætti, fyllist út af skipstjóra í samráði við leiðangurstjóra. Fyrir hverja trossu (stöð) skal fylla út eitt stöðvablað. Þar skal færa inn heiti skips, skipaskrárnúmer skips og leiðangurseinkenni. Annað sem skráð er:

- 1) Einkenni trossu (hvernig skipshöfn merkir trossuna)
- 2) Stöð, númer trossu eftir þeirri röð sem hún er dregin.
- 3) Nafn veiðisvæðis
- 4) Reitur, númer tilkynningarskyldureits. Gefið upp í töflu hvers svæðis fyrir fastar trossur.
- 5) Smáreitur. Gefið upp í töflu hvers svæðis fyrir fastar trossur.
- 6) fyrir allar trossur skal skrá fast númer (sjá töflur 4 til 10 og kafla 3.1).
- 7) Staðsetning, á báðum endum trossunnar (A og B)
- 8) Dagsetning og tími þegar trossan er lögð (byrjað)
- 9) Dagsetning og tími þegar trossan er dregin (byrjað)
- 10) Dýpi, á hvorum enda trossunnar (A og B) í metrum.
- 11) Númer á hitmæli (mælum) á trossu (ef til staðar)
- 12) Veðurfar og aðstæður (sjá 2.1.1 Umhverfisþættir)

## Stöðvablað (SMN)

Leiðangur	Skip	Sk. Skr.nr.
Trossueinkenni <b>1</b>		Stöð <b>2</b>
Nafn á veiðisvæði <b>3</b>		
Reitur <b>4</b>	Smáreitur <b>5</b>	Fast númer (Tognúmer) <b>6</b>

## Staðsetning á trossu (stöð), A og B eru sitt hvor endi á trossunni.

Staðsetning á A N.br. <b>7</b>	V.le. <b>7</b>	Staðsetning á B N.br. <b>7</b>	V.le. <b>7</b>
Byrjað að leggja (Dags. / Kl.) <b>8</b>	Dýpi (m) <b>10</b>	Byrjað að draga (Dags. / Kl.) <b>9</b>	Dýpi (m) <b>10</b>
Nr. hitamælis á A <b>11</b>		Nr. hitamælis á B <b>11</b>	

Vindátt.....	Veður.....	Lofthiti.....
Vindhraði.....	Ský.....	Botnhiti.....
Sjór..... <b>12</b>	Loftvog.....	Yfirborðshiti.....
		Sjónkýpi.....

## Afli.

Nr.	Tegund	Talið	Mælt	Kv.	Kgr.	Vigtað	Magar	Afli kg.	Ath.
1	Þorskur								
2	Ýsa								
3	Úfsi								
4	Lýsa								
5	Gullkarfi								
6	Langa								
7	Blálanga								
8	Keila								
9	Steinbítur								
12	Tindaskata								
13	Hlýri								
14	Skötuselur								
15	Skata								
16	Háfur								
21	Lúða								
23	Skarkoli								
24	Þykkvalúra								
25	Langlúra								
26	Stórkjafta								
27	Sandkoli								
28	Skráplúra								
30	Sild								
39	Geimyt								
48	Hrognskelsi								
60	Litli karfi								

ATH.

## 4.2 Umhverfisþættir

Upplýsingar um veðurfar og umhverfisþætti skal skrá þegar trossa er lögð skv. eftirfarandi:

**1. Vindhraði**, er skráður í **m/sek**. Ef venjulegur vindmælir er um borð þarf að fylgjast með honum í nokkrar mínútur, þar sem vindhraðinn er aldrei jafn, heldur flóktir stöðugt í kringum eitthvert meðaltal, bæði með tilliti til hraða og stefnu. Ef vindmælir er ekki um borð skal mæla veðurhæðina skv. eftirfarandi töflu:

Vindhraði m/sek	Heiti	Ahrif á rúmsjó	Sennileg ölduhæð(m)	Sennileg ein. fyrir sjó
0 - 0,2	Logn	Spegilsléttur sjór.		0
0,3 - 1,5	Andvari	Smágárar myndast, en hvítar hvergi.	0.1	1
1,6 - 3,3	Kul	Avalar smábáur myndast. Glampar á þær, en ekki sjást þess merki, að þær brotni eða hvítu.	0.2	2
3,4 - 5,4	Gola	Báur, sem sumar hverjar glitrar á. Á stöku stað hvítar í báru (skýtur fuglsbringum).	0.6	3
5,5 - 7,9	Stinningsgola	Allviða hvítar í báru	1	3
8,0 - 10,7	Kaldi	Allstórar öldur myndast (hugsanlegt að sums staðar kembi úr öldu).	2	4
10,8 - 13,8	Stinnings-kaldi	Stórar öldur taka að myndast, sennilega kembi nokkuð úr öldu.	3	5
13,9 - 17,1	Allhvasst	Hvít froða fer að rjúka í rákum undan vindi	4	5 - 6
17,2 - 20,7	Hvassviðri	Löðrið slítur sig úr ölduföldunum og rýkur í greinilegum rákum undan vindi. Holskeflur taka að myndast.	5.5	6
20,8 - 24,4	Stormur	Þéttar löðurrákir í stefnu vindsins. Særokið getur dregið úr skygginu. Stórar holskeflur.	7	7
24,5 - 28,4	Rok	Mjög stórar holskeflur. Stórar löðurflygsur rjúka í þéttum, hvítum rákum eftir vindstefnunni. Sjórinn nær því hvítur yfir að líta. Dregur úr skyggni.	9	7 - 8
28,5 - 32,6	Ofsaveður	Geysistórar öldur (bátar og miðlungs stór skip geta horfið í öldudöllum). Sjórinn alþakinn löngum, hvítum löðurrákum. Alls staðar rötast öldufaldarnir upp í hvíta froðu. Dregur úr skyggni.	11.5	8
> 32,6	Fárviðri	Loftið er fyllt særoki og löðri. Sjórinn er alhvítur af rjúkandi löðri. Dregur stórlega úr skyggni.	14	8

**2. Vindátt**, skrá skal aðaláttir skv. meðfylgjandi töflu.

Logn	00	SA	14	V	27
NNA	02	SSA	16	VNV	29
NA	05	S	18	NV	32
ANA	07	SSV	20	NNV	34
A	09	SV	23	N	36
ASA	11	VSV	25	Br.átt	99

**3 - 5. Veður, ský og sjór.**

3. Veður	4. Skýjamagn	5. Sjór	Ölduhæð í metrum
0 Heiðskirt	0 Engin ský	0 Ládaútt	0
1 Skýjað	1 1/8 eða minna en ekki 0	1 Gráð	0-0.1
2 Alskýjað	2 2/8	2 Sjólituð	0.1-0.5
3 Sandfok, moldrok skafrenningur	3 3/8	3 Dálitill sjór	0.5-1.25
4 Þoka eða dimmt mistur	4 4/8	4 Talsverður sjór	1.25-2.5
5 Úði	5 5/8	5 Allmikill sjór	2.5-4
6 Rigning	6 6/8	6 Mikill sjór	4-6
7 Snjócoma eða slydda	7 7/8 eða meira en ekki 8/8	7 Stórsjór	6-9
8 Skúrir	8 8/8	8 Mjög mikill sjór	9-14

**6. Hafis.**

0	Enginn ís
1	Ís í nánd, sést með berum augum eða í ratsjá, en ekki greint hvers konar ís
2	Nokkrir borgarisjakar (10 eða færri)
3	Margir borgarisjakar (fleiri en 10)
4	Mjög gísín eða gísín hafisbreiða, 6/10 eða minna að þéttleika í meira en 1 sjóm. fjarlægð frá stöð
5	Þétt eða mjög þétt hafisbreiða, meira en 6/10 að þéttleika í meira en 1 sjóm. fjarlægð frá stöð.
6	Mjög gísín eða gísín hafisbreiða, 6/10 eða minna að þéttleika við stöð eða innan við 1 sjóm. frá stöð
7	Þétt eða mjög þétt hafisbreiða, meira en 6/10 að þéttleika við stöð eða innan við 1 sjóm. frá stöð
8	Stöð í þéttum ís eða frá ísjaka o.s.fr.

**7. Lofthiti** er mældur í °C.

**8. Yfirborðshiti** skal mældur í °C og lesinn af mæli í brú. Stöðlun yfirborðshita sjá viðauka 6.3.

**9. Botnhiti** er mældur með DST merkjum (lesið af eftir á). Mælarnir eru síritandi hita og dýpismælar og eru þeir festir á trossurnar. Mælarnir eru þannig stilltir að hitastig er skráð á 1 mín. fresti. Velja skal þann stað við enda trossu þar sem minnst hætta er á að þeir laskist þegar netin eru lögð eða dregin t.d. á brjóst við blýtein á fyrsta eða síðasta net. Mælarnir eru númeraðir og skal skrá númer mælis og net númer á talningarblað. Í 12 neta trossu er aðeins hafður einn hita /dýpismælir. Á 24 neta trossu er æsklegt að hafa mæla á báðum endum. Í lok leiðangurs skal skrá á hvaða stöðvum hitanemar voru á skráningarblað hitanema.

**10. Loftþrýstingur** skal skráður á hverri stöð.

**11. Sjónkýpi** skal mæla með Secchi diskum skal mælt á hverju undirsvæði einu sinni til tvisvar á dag. Sökkva skal hvítri skífu (Secchi disk) þar til að hún hverfur sjónum. Þetta kýpi er skráð ásamt öðrum upplýsingum á brúarblað SMN ásamt upplýsingum um sjólag og hvort sól glampi á yfirborðið þar sem rýnt er eftir skífunni. Ef því verður við komið er æskilegt að hafa það að reglu að taka sjónkýpið skjólborðsmegin og undan sólu.

## 5 VEIÐITILHÖGUN OG NETLAGNIR

Fjöldi trossa í sjó skal fara eftir aðstæðum hverju sinni. Leiðangursstjóri og skipstjóri netabáts skulu koma sér saman um þennan þátt. Við lagningu neta skal taka tillit til veðurs og aflabragða þannig að líkur séu á því að næsta dagsverk fari ekki úr skorðum

**Legutími neta skal vera minnst 12 klst. Fallaskipti og birtuskil (morgun) skulu vera innan legutímans.**

**Rifin og slitin net:** Skipta skal um net ef þau eru rifin eða slitin. Ef ekki eru til nægilega mörg varanet skal fækka trossum og nota heilleg net úr trossum sem teknar eru úr umferð.

**Ógilt net:** Sé net rifið eða óklárt, þannig að veiðni þess sé töluvert breytt skal það dæmt ógilt í gagnasöfnun. Greinarmunur skal gerður á því hvort engin gagnasöfnun sé úr neti því netið er ógilt eða hvort enginn (þorsk)afli er í netinu vegna aflaleysis. Í fyrra tilfellinu skal skrá aðeins athugasemdir um að netið sé ógilt og sleppa gagnasöfnun úr því. Í síðari tilfellinu skal skrá 0 í fjölda þorska en netið er gilt. Fyrir kemur að net net rifnar í drætti en afli telst hafa náðst um borð. Slíkt net væri ekki ógilt í gagnasöfnun þótt þörf sé á að skipta því út fyrir nýrra af sömu gerð. Leiðangursstjóri skal dæma um hvort net sé ógilt.

### 5.1 Fastar og lausar stöðvar (trossur)

Á hverju svæði (sjá mynd 3) er ákveðinn fjöldi af **föstum stöðvum** (trossum), þ.e. trossurnar eru lagðar á sama stað ár eftir ár (sjá töflur 3-9.). Fyrir hverja fasta stöð er ein **laus stöð**, en þær eru valdar af skipstjóra þannig að leitað er lóðninga á hefðbundin hátt og lagt í þær. Á hverju svæði skal vera svipaður fjöldi af föstum- og lausum trossum. Yfirlit yfir fjölda stöðva eftir svæðum er í töflu 2.

**Undanþegin þessarri tilhögun með fastar og lausar trossur eru svæðin þar sem lagt er í djúpköntum á 150 til 500 m dýpi. Þar eru allar trossur með sömu staðsetningu milli ára þ.e. fastar.** Þetta á við svæðið í djúpkantinum milli Síðugrunns og Vestmannaeyja eru aðstæður þannig að trossur þurfa að vera lengri. Þar má nota 24 neta trossur og er þá fjöldi stöðva færri sem því nemur.

#### 5.1.1 Fastar stöðvar

Þær hafa sérstakt númer (fast) sem skal skrá um leið og vitjað er um trossurnar, auk hlaupandi númers á stöð. Algjört skilyrði er að fastar trossur séu lagðar á sama hátt á hverju ári. Staðsetningar og sérstök númer fastra stöðva er að finna í töflum 3 til 9. Mikilvægt er að fastar stöðvar séu endurteknar á sama hátt á hverju ári. Mistakist lögn fastrar stöðvar er heimilt að endurtaka hana ef ástæða þykir til. Öllum gögnum frá ónýtu stöðinni skal þá fargað.

### 5.1.2 Lausar stöðvar


Fyrir hverja fasta stöð skal vera önnur laus í innan við 4 sjómílna fjarlægð. Lágmarks fjarlægð milli trossa er 0,5 sjómílnur. Tengja skal þessar stöðvar við fastar stöðvar á þann hátt að leggja skal 50 við fast númer, þ.e. ef trossa er laus við fasta stöð 9 þá skal fast númer vera 59. Þótt nokkuð frelsi sé til þess að velja staðsetningu lausra stöðva skal varast að setja margar stöðvar þétt í hnapp.

### 5.1.3 Aukastöðvar

Stöðvar sem falla ekki undir skilgreininguna Fastar eða Lausar stöðvar er gefið númerin 91-99. Ef sérstaka aukasýnatöku er að ræða eru þær yfirleitt færðar í sér sýnaflokk í gagnagrunni eftir á.

## 5.2 Svæðaskipting og stöðvalisti eftir svæðum.

Mynd 3. Skipting svæða og undirsvæða í netaralli.



Tafla 4. Svæðaskipting og fjöldi stöðva eftir svæðum.


Nr.	Svæði /undirsvæði	Fastar	Lausar
<b>1</b>	<b>Breiðafjörður</b>		
1.1	Norðanvert Snæfellsnes og inn með suðurkanti Bjarneyjaráls	9	9
1.2	Miður Breiðafjörður, Flákinn og Læurnar	14	14
1.3	Inn við botn Bjarneyjaáls	2	2
<b>2</b>	<b>Faxaflói</b>		
2.1	Hellnanes að Beruvík	6	6
2.2	Faxaflói frá Búðahrauni að og með Garðsjó	12	12
2.3	Reykjanes- og Eldeyjarsvæði	8	8
<b>3</b>	<b>Reykjanes - Þrídrangar</b>		
3.1	Eyrbakki-Knarrarós	4	4
3.2	Trintur - Þjórsárhraun	4	4
3.3	Hafnarnes-Hópsnes	5	5
3.4	Selvogsbankahraunið	11	11
3.5	Grindavíkurdjúp	3	3
<b>4</b>	<b>Þrídrangar-Skeiðarárdjúp</b>		
4.1	Kanturinn austan við Vestmannaeyjar að Skeiðarárdjúpi	12	engin
4.2	Vestmannaeyjar.	9	9
<b>5</b>	<b>Meðallandsbugur - Hvítugar</b>		
5.1	Hálsar	4	4
5.2	Ingólfshöfði og Tvískerjasvæði	8	8
5.3	Meðallandsbugur (austari hluti)	4	4
5.4	Stokksnes-Hvítugar	4	4
5.5	Lónsvík - Skinneyjarhöfði	4	4
<b>6</b>	<b>Norðurland, Húnaflói - Þistilfjörður</b>		
6.1	Húnaflói - Steingrímsfjörður	4	4
6.2	Húnaflói - Miðfjörður	4	4
6.3	Húnaflói - Skagaströnd	4	4
6.4	Skagafjörður	4	4
6.5	Eyjafjörður	4	4
6.6	Grímsey	4	4
6.7	Skjálíandi	4	4
6.8	Axarfjörður	4	4
6.9	Þistilfjörður	4	4

-

